

# Afréttarmálanefnd Hrunamannahrepps

2022- 2026

4. fundur Afréttarmálanefndar var haldinn 15. febrúar 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps kl. 9:30.

Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, formaður, Kristín Magnúsdóttir og Þórmundur Smári Hilmarsson. Auk þess sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, oddviti og Páll Jóhannsson sem er varamaður í nefndinni og situr sem áheyrnarfulltrúi.

Hér var gengið til dagskrár:

## 1. Svæðisskipulag Suðrhálendisins – umræða

Oddviti kynnti þá vinnu sem fram hefur farið varðandi gerð svæðisskipulags á Suðrhálandinu en frestur til að skila inn athugasemdum í þessari umferð er til 19. febrúar 2023.

Nefndin setur spurningar við kyrrlát svæði og útfærslu þeirra og ítrekar við fulltrúa sveitarfélagsins í vinnunni að fylgjast vel með því hvernig sú vinna þróast. Nefndin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir á þessu stigi við svæðisskipulagið en mun fylgjast grannt með framvindu vinnunnar á næstu mánuðum.

## 2. Viðræður við Fannborg um uppbyggingu á skálasvæðum - kynning

Oddviti og sveitastjóri kynntu þá vinnu sem nú er í gangi varðandi samninga við Fannborg ehf en fyrirtækið var eitt um að sækja um uppbyggingu á 5 húsum á afréttinum þegar þær lóðir voru auglýstar nýlega. Um er að ræða, Svínárnes, Leppistungur, Kisubotna, Grákoll og Helgaskála. Lóðirnar voru auglýstar saman og skilyrði sett um uppbyggingu skála á öllum svæðunum. Einnig rætt um núverandi samning um Kerlingarfjöll en hann þarf einnig að endurnýja í takt við breyttar forsendur.

Nefndin leggur áherslu á að gætt sé hagsmuna allra hópa við framtíðar not á skálanum og þá ekki síst þá hópa sem ferðast hafa um svæðið hingað til. Mikilvægt er að rætt verði um heysölu og aðra þjónustu við þá hópa sem fara um svæðið við samningsgerðina.

## 3. Vegagerð og framkvæmdir

Rætt um stöðuna á framkvæmdum í Tungufellsdal og framhald þess verkefnis. Umfangsmikið viðhald var þar í gangi en frestaðist vegna veðurs. Framkvæmdum þar mun ljúka um leið og veður leyfir. Einnig rætt um mögulegt samtal við Landsnet um viðhald á línuvegi að Stóru-Laxá.

Nefndin fagnar framkvæmdum í Tungufellsdal en leggur um leið áherslu á mikilvægi þess að haldið verði áfram með viðhald vega inn afréttinn enda umferð um svæðið í sífellu að aukast.

## 4. Girðingar

Rætt um viðhald á afréttargirðingu. Á síðustu árum hefur hefur viðhald á afréttargirðingu verið höndum Egils Jóhannssonar

Nefndin leggur til við sveitarstjóra að rætt verði við Egil um framhald á því verkefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið 10:51.

BÖ, Þórmundur SM, P.J. 